


iR1600 og iR8500



Bókhladan

Canon



Canon

Leitið tilbæði

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 2. október 2002 • 40. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Ísafjörður

Framnesið með bilaða aðalvél

Aðalvélin í rækjutogar-
anum Framnesið bilaði á
sunnudag er skipið var að
veiðum á svokölluðum
Norðurkanti, um 50 sjómíl-
ur norður af Horni.

Togarinn Andey tók
skipið á síðuna og leiddi
 það til hafnar á Ísafirði, en
 bæði skipin eru í eigu Hrað-
frystihússins – Gunnvarar.

Ísafjörður

Ungur öku- þjarkur

Ungur maður með lið-
lega hálfsmánaðar gamalt
ökuskírteini var gripinn á
112 km hraða á Hnífsdals-
vegi um helgina. Sá hinn
sami var síðar stöðvaður
með fullan bíl af farþegum
og reyndist enginn þeirra
vera með öryggisbelti. Þá
barst lögreglu tilkynning
um að stolið hefði verið
fatnaði úr fatahengi Fjórð-
ungssjúkrahússins á Ísa-
firði, þykkbotna X-18 skóm
og hálfsíðum jakka úr leð-
urlíki.



„Ég fór í þessa keppni til að vinna!“

– sjá viðtal í miðopnu við
Hörpu Jónsdóttur, kennara
á Ísafirði, sem hlaut Ís-
lensku barnabókaverð-
launin 2002

Nýir vegleiðarar á Hnífsdalsvegi og Óshlíð

Skapa mikið öryggi í umferð

Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði hafa í sumar unnið að lagningu leiðara, eða vegriða, á Hnífsdalsvegi og Óshlíðarvegi. Á köflum eru hættulegar beygjur á þessum vegum og hátt niður í sjó, þannig að hinir nýju leiðarar munu skapa mikið öryggi.

„Nú er lokið uppsetningu leiðara milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur eins og gert var ráð fyrir í áætlun fyrir nokkrum árum. Þessar framkvæmdir hófust raunar árið 2000 en mikill kraftur var settur í þær í sumar og er þeim nú lokið. Alls hafa verið lagðir 1.300 metrar af leiðurum og hafa framkvæmdirnar kostað liðlega 8 milljónir króna“, segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri



Vegagerðarmenn leggja leiðara á Hnífsdalsvegi.

Vegagerðarinnar á Vestfjörðum.

Fjármagn hefur fengist fyrir áframhaldandi leiðaralagn-

ingum á Vestfjörðum. „Á næsta sumri verða lagðir leiðarar meðfram veginum upp Bjarnardal í Ónundarfirði, þar

sem farið er upp á Gemlu-
fallsheiði. Þá verða lengdir leiðarar meðfram Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði“, segir Geir.

SAMKAUP!

OPID:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP!

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5460

www.flytjandi.is • Sími 456 5460

Kristinn sigr- aði á forgjafar

Haustmót í golfi var haldið á vegum Golfklúbbs Ísafjarðar á Tungudalsvelli á laugar- dag. Án forgjafar sigraði Kristinn Kristjánsson með því að fara hringinn á 82 höggum. Næstur kom Magnús Gíslason á 83 höggum en Sigurður Dagbjartsson var í þriðja sæti á 96 höggum. Gunnar P. Ólason var hlutskarpastur þegar reiknað var með forgjöf og fór hringinn á 74 höggum. Næstur var Kristinn Kristjánsson, einnig með 74 högg, en Jón Hjörtur Jóhannsson var í þriðja sæti með 75 högg.



Jeremy Sargent.

Bandaríkja- maður til KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar (KFÍ) hefur fengið til liðs við sig bandarískan körfuboltamann, Jeremy Sargent, tuttugu og þriggja ára að aldri. Hann leikur sinn fyrsta leik fyrir félagið á föstudag, þegar KFÍ fer til Þorlákshafnar og leikur við Þór. „Hann kom á laugardaginn og var allveg heillaður enda hafa allir tekið mjög vel á móti honum“, segir Guðjón Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍ.

Smærri verkefni framundan hjá Ágústi og Flosa ehf.

Fækka verður starfsmönnum eitthvað

Framkvæmdum við verslunar- og skrifstofubygginguna Neista á Ísafirði er að mestu lokið en bygging hennar er langstærsta einstaka verkefnið af því tagi á svæðinu síðustu árin. Eftir er að innrétta alla þriðju hæðina og um 120 fermetra rými á annarri hæð en allt plássíð er einangrað og að nokkru klætt að innan.

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði, sem hafði byggingu Neista með höndum, var einnig með ýmis önnur verk í takinu á sama tíma. Starfsmenn hjá fyrirtækinu hafa verið milli 25 og 30 en með undirverktökum mun fleiri eða allt upp í 40 manns.

Ágúst Gíslason byggingameistari segir að ýmis verkefni séu framundan, misjafnlega stór en þó flest smá. Ljóst sé að starfsmönnum þurfi að fækka eitthvað með haustinu.

„Vandinn við að koma út úr stóru verki eins og Neista er að það eru ekki allt lærðir smiðir sem hafa getað nýst við slíka stórframkvæmd. Smáverkefni sem bíða okkar hingað og þangað eru fyrst og fremst smíðavinna fyrir fagfólk. Þess vegna sýnist mér fyrirsjáanlegt að við þurfum því miður að fækka um nokkra menn með haustinu“, segir Ágúst.

„Núna erum við að hreinsa út úr gamla kaupfélagshúsinu

þar sem Samkaup voru áður. Húsnæðið má heita tilbúið undir tréverk en ekki er ennþá ljóst hversu mikið við þurfum að koma að frekari innréttingum“, segir Ágúst. Þarna er um að ræða 360 fermetra á fyrstu hæð og 380 fermetra í kjallara. Hvor flötur er einn geimur fyrir utan burðarsúlur. „Þetta er geysilega lipurt og haganlegt hús til breytinga“, segir Ágúst. „Við erum að hugsa um að setja eitt og sama gólfefnið á þetta allt, koma upp lýsingu og búta svo niður eftir þörfum.“ Þessu húsplássi er enn óráðstafað. „Það eru aðilar sem vilja taka á leigu bít og bít og eiginlega stendur upp á mig klára það mál.“



Flosi Kristjánsson og Ágúst Gíslason.

Sushi-verksmiðjan Sindraberg

Aukin afköst lækka kostnað

Árangur hefur náðst í þeirri viðleitni að auka afköst hvers starfsmanns í sushiverksmiðjunni Sindrabergi á Ísafirði. Kostnaður á hverja einingu afurðar hefur lækkað í hlutfalli við aukin afköst og segir Elías Jónatansson, framkvæmda-

stjóri Sindrabergs, að þar á bæ séu menn nokkuð ánægðir með árangur í rekstri.

„Síðasti mánuður er betri en mánuðirnir þar á undan. Við finnum að við erum búin að ná betri afköstum og höldum áfram að vinna okkur

upp. Við settum okkur markmið um að lækka rekstrarkostnað. Nú er kostnaður á hvert framleitt kíló minni en áður og sá árangur skiptir máli þegar kemur að því að lækka rekstrarkostnað“, segir Elías.



ÍSAFJARÐARBÆR

KATTAEIGENDUR Í ÍSAFJARÐARBÆ

Kattaeigendur í Ísafjarðarbæ! Athugið að næstu vikum fer fram útrýming á flækingsköttum í sveitarfélaginu. Vin- samlegast athugið að til að komast hjá óþægindum, eru ábyrgir kattaeigendur beðnir um að merkja heimilis- ketti tryggilega með bjöllu og hálsól þar sem kemur fram nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer.

Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Hin ósýnilega hönd vanans

Í aðdraganda sveitarstjórnkosninganna svaraði frambjóðandi í Ísafjarðarbæ spurningu um hvað honum finndist um afstöðu flokks síns í tilteknu máli, því einu að hann steyddi flokkinn í góðum málum. Um stuðninginn við góðu málin skal ekki efast. Svareð segir hins vegar allt um vanmátt minni spámannanna þegar stefna þeirra á ekki upp á pallborðið hjá flokksforustunni. Þá dregur góður vilji skammt.

Vefsíðugrein Einaris K. Guðfinnssonar, alþingismanns, „Fjögur dæmi um flutning ríkisverkefna“, styður fullyrðinguna um vanmáttinn, en í henni fjallar hann m.a. um veidarfararannsóknir og veiðieftirlit: „Fyrir nokkrum árum gerði ég ásamt mörgum góðum mönnum tilraun til þess að uppbygging veidarfararannsóknna færi fram á Ísafirði, undir forystu Hafrannsóknastofnunar og í samvinnu við fyrirtæki á þessu sviði. Ástæðan var einföld. Slík þekking var þá ekki til staðar nema næsta takmörkuð innan stofnunarinnar. Á Ísafirði var hins vegar búsettur sérmenntaður maður á þessu sviði, sem hafði áhuga á að sinna þessu verkefni, en með einu skilyrði þó. Hann fengi að búa og starfa fyrir vestan. Fyrir lá að fyrirtæki á svæðinu voru tilbúin að veita þessu máli brautargengi. Og alþekkt er að innan Netagerðar Vestfjarða hefur byggst upp mikil þekking á veidarfararannsóknunum. Fátt virtist rökréttara en að þarna yrði byggt upp lítið vísindasamfélag, sem starfaði út frá höfuðstöðvum Hafró í Reykjavík.“

Á þetta var ekki hlustað.

Um veiðieftirlitið segir þingmaðurinn m.a.: „É oní æ hefur verið farið þess á leit að þessir menn (eftirlitsmennirnir) hefðu bækistöðvar sínar á landsbyggðinni. Ekki síst í ljósi þess að Fiskistofa er með nokkrar starfsstöðvar úti á landi.“ En hverjar eru lyktirnar? „Umtalsverð fjölgun í veiðieftirliti, en sú fjölgun hefur öll-nákvæmlega öll- orðið í starfslíðinu fyrir sunnan. Þó vita allir að veiðieftirlitið er ekki framkvæmt frá Reykjavíkurhöfn, heldur frá öllum höfnum landsins.“

Bæði þessi mál heyrast undir sjávarútvegsráðuneytið. Við réttmætum ábendingum í þeim efnum „hefur skollaeyrnum frægu verið skellt“, segir þingmaðurinn, réttilega og bendir á, að opinber störf „eigi ekki (sjálfkrafa) heima í Reykjavík“, - hafi þar ekki lögheimili eða séu þar sem þinglýst kvöð og réttur.“ Einar Kristinn segir efnislegar forsendur eiga að ráða ákvörðunum í málum sem þessum. „Það er ekki gert í dag. Núna eru þessar ákvarðanir teknar af hinni ósýnilegu hönd vanans sem öllu ræður í bland við þekkingarleysi og fordóma. Það er byggðastefna í raun, byggðastefna fyrir höfuðborgarsvæðið.“

Harður dómur þingmanns, um byggðastefnu sem gengur þvert á fögur fyrirheit stjórnvalda.



Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

s.h.

Útgefandi: H-prent ehf. Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmiðju: hprint@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Blaðamaður: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, netfang: halfdan@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöliverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskrifarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Stórhýsið Neisti á Ísafirði formlega tekið í notkun

Fjölmenni á uppskeruhátíð

„Uppskeruhátíð“ var haldin síðdegis á föstudag í stórhýsinu Neista að Hafnarstræti 9-13 á Ísafirði, sem nú er að mestu leyti fullgert. Þar með var húsið formlega tekið í notkun enda þótt ýmsar verslanir og önnur starfsemi hafi verið þar í fullum gangi um nokkurt skeið. Umsvifamesti reksturinn í húsinu er verslun Samkaupa sem tekur verulegan hluta af jarðhæðinni. Til uppskeruhátíðarinnar var boðið fjölmörgum gestum, bæði þeim sem komið hafa að verkinu með einum eða öðrum

hætti og þeim sem hafa keypt eða tekið á leigu aðstöðu í húsinu.

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði byggði húsið og flutti Ágúst Gíslason byggingameistari ávarp þar sem hann rakti sögu framkvæmdarinnar í stórum dráttum. Hann afhenti síðan fulltrúa húsfélagsins táknrænan lykil að húsinu og málverk eftir Agnesi Aspelund, myndlistarkonu á Ísafirði, af gömlu húsunum sem til skamms tíma stóðu þar sem Neisti er nú risinn af grunni.



Grétar Helgason, fulltrúi húsfélags Neista (t.v.) tekur við gjöfum frá Ágústi og Flosa úr hendi Ágústs Gíslasonar, þar á meðal málverki Agnesar Aspelund af gömlu húsunum sem stóðu þar sem Neisti er nú.



Fjölmenni var á uppskeruhátíðinni.



Ragnar Jakobsson (t.v.) fylgist með þegar Kisa er lyft upp á vörubúspall í Norðurtanganum á Ísafirði.

Enn einn báturinn kominn í hendur Ragnars Jakobssonar

Kisa frá Vigur fær yfirhalningu

Trébáturinn Kisa úr Vigur, sem í fjölda ára hefur staðið í Norðurtanganum á Ísafirði, er nú á leið til Bolungarvíkur. Þar bíður hennar rækileg yfirhalning en hagleiksmaðurinn Ragnar Jakobsson frá Reykjafirði á Ströndum mun sjá um það mikla verk. Kisa var í eigu Hraðfrystihússins Norðurtanga, en frá því fyrirtækið hætti rekstri, hefur báturinn grotnað

niður.

Að sögn Ragnars er Kisa illa á sig komin en þó mun margt heillegt vera í henni. „Kjölurinn er góður og stefnin en byrðingurinn er lélegur“, segir Ragnar.

Kisa er ekki fyrsti trébáturinn sem Ragnar tekur að sér að bæta. Áður hafa bátarnir Friðþjófur og Ögri fengið andlitslyftingu, svo vægt sé til orða tekið.

VIRUBVARNIR - INTERNETÞJÓNUSTA - TÖLVUR - PRENTARAR - SKANNAR - TÖLVUÍHLUTIR

TILBOÐSVIKA - TILBOÐSVIKA - TILBOÐSVIKA



Frábært tilboð á HP prenturum dagana 2. - 9. október

SNERPA ehf.

MÁNAGATA 6 • 400 ÍSAFIRÐUR • Sími 820 4000 • WWW.SNERPA.IS

FRÓÐ
& FREYST

Skert sig úr í bændasamfélaginu í Borgarfirði



Vefnaðarkennarinn, bóndinn, myndlistarkonan og Ísfirðingurinn Snjólaug Guðmundsdóttir sneri aftur í heimahagana seint í sumar til að halda sýningu á vefnaði sínum, flóka, ljóðum og vatnslitamyndum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Opnun sýningarinnar var geysifjöldmenn og segir Snjólaug að það hafi komið sér mjög á óvart hversu vel henni var tekið og hversu vel fólk mundi eftir henni, en hálfur fjórði áratugur er liðinn síðan hún flutti frá Ísafirði, tvítug að aldri.

„Ég held að Ísfirðingar megi alveg fá að heyra hvað þeir eru yndislegir. Það var alveg ótrúlega vel tekið á móti mér þegar ég kom. Mér finnst Ísafjörður hafa breyst mjög mikið síðan ég flutti héðan, auðvitað til hins betra. Það er búið að gera upp fjöldamörg hús sem voru að hruni komin þegar ég bjó í bænum, verslanirnar eru fallegar og vöruúrval með ágætum. Fólk er glaðlegt, elskulegt og opið

eins og í gamla daga.“

Flóki er mikið undraefni

Flókamyndir Snjólaugar vöktu mikla lukku á sýningunni í Edinborgarhúsinu og seldust nær allar. Snjólaug er mjög hrifin af flóka og segir að hægt sé að nota efnið í ótrúlegustu hluti. „Efnið er búið þannig til að tekin er ullarkemba, hún bleytt, sápuborin og nudduð þar til úr verður fast efni. Úr þessu geri ég myndir, töskur, hatta, veski, kúlur, bjöllur og einfaldlega það sem mér dettur í hug. Ég geri nær eingöngu náttúrumyndir, enda sæki ég hugmyndir mínar mikið í náttúruna. Ég yrki ljóð, sem fylgja stóru ofnu veggteppunum, til að undirstrika þá stemningu sem ég vil fá fram í teppunum. Ég prenta ljóðin á hvítan pappír sem ég svo lita með kaffi og lími á steina og kort.“

Naut foreldra sinna

Athygli vakti hversu vel sýning Snjólaugar var sótt, og þá sérstaklega á opnunardeg. Viðtökurnar virðast hafa komið Snjólaugu sjálfri mest á óvart. „Mér var svo ótrúlega vel tekið. Þetta var alveg yndislegt og ég ætlaði ekki að trúa því hversu margir mundu eftir mér. Ég held reyndar að þar hafi ég notið foreldra minna svolítið, því þau voru vel þekkt í bænum og mig grunar að margir hafi þekkt mig vegna þeirra. Einn maður benti mér á þetta og vonaði að hann væri ekki að móðga mig með því, en það var af og frá. Mér þótti mjög vænt um heyra þetta.“ Snjólaug er dóttir Guðmundar Bárðarsonar vélstjóra og Margrétar I. Bjarnadóttur vefnaðarkennara, sem bæði létust um aldur fram. „Síðustu þrjú árin sem mamma lifði rak

hún vefstofu og þar lærði ég mín fyrstu handtök. Þegar hún dó fór ég í Myndlista- og handíðaskólann og lærði vefnað. Að námi loknu flutti ég aftur vestur og bjó á Ísafirði einn vetur.“

Hreppsskrifstofa heima við

Eftir einn vetur á Ísafirði flutti Snjólaug að Varmalandi í Borgarfirði. „Ég fékk stöðu sem vefnaðarkennari á Varmalandi og átti eftir að vera þar í níu ár. Ég kynntist eiginmanni mínum, Guðbrandi Brynjúlfssyni, á Hvanneyri, en hann var nemandi þar. Við fórum að búa á Brúarlandi 1973 á jörð foreldra hans.“ Fyrstu árin á Mýrum hafði Snjólaug ekki mikinn tíma til annars en að sinna börnum og búi. „Við gátum lítið farið, því það er mjög erfitt að komast frá þegar maður er bóndi. Það eru ekki bara börnin sem þarf að hugsa um, því skepnurnar þurfa líka umhirðu. Maðurinn minn var líka oddviti Hraunhrepps í tólf ár og eldhúsið heima var notað sem höfuðstöðvar hreppsins um tíma. Þessi störf hans urðu ekki til að auka ferðafrelsi okkar.“

Hefur lítið gaman af húsdýrum

„Þó að það hafi vissulega verið gefandi að sjá um börn og búa, þá vildi ég alltaf gera eitthvað meira. Ég hugsaði með mér hvað ég gæti gert á Brúarlandi og hvernig ég

gæti nýtt mína menntun þar. Ég óf þegar ég hafði tíma til, og hægt og rólega fór ég að hafa meiri tíma og fór þá líka að prófa nýja hluti í vefnaði og ýmiskonar handverksvinnu.“ Nú eru börnin vaxin úr grasi og undanfarið hefur Snjólaug getað sinnt hugðarefnum sínum af meiri alúð en áður. Á Brúarlandi er hún með vinnustofu og er þeirrar gæfu aðnjótandi að geta unnið við listina. „Það er líka eins gott, því ég hef aldrei haft neitt sérstaklega gaman af húsdýrum, og það er vægt til orða tekið. Ég á þó hund sem mér þykir afskaplega vænt um.“

Skert sig úr í Borgarfirðinum

„Undanfarin ár hef ég líka átt auðveldara með að komast frá búinu en áður. Núna get ég leyft mér hluti sem ég gat ekki áður, eins og að koma til Ísafjarðar með sýningu og vera þar í viku eða tvær.“ – Þú aðstoðar þó bóndann af og til við skepnuhirðinguna, eða hvað? „Ég reyni nú að komast hjá því og hefur tekist það ágætlega hingað til. Við erum með vinnumann, og þar að auki búa sonur okkar og tengdadóttir líka hjá okkur og hjálpa til. Ég tek þó að sjálfsgöðu þátt í heyskap og slíku yfir hábjargræðistímamann. Aftur á móti kem ég lítið nálægt skepnunum, enda lítið fyrir þær gefin og sker mig þannig svolítið úr í bændasamfélaginu í Borgarfirðinum.“

TILBOÐ A HAUSTDOGUM

Einhell borvél
Tilboð kr. 5.650,-

Einhell stingsög
Tilboð kr. 5.950,-

Plastparket smella
Tilboð 1.690,- stgr.

Mottur
25% afsl.

Innimálning
20% afsl.

TUPUR
STERKT AFL Í HEIMABYGGÐ — Sími 456 3114

Það er mun ódýrara að vera áskrifandi! Kannaðu málið!

Ísafjörður

Tvær flugvél- ar á Ísafirði

Flugskólinn Flugsýn hyggst hafa vél á Ísafirði í vetur og bjóða Vestfirðingum upp á einkaflugmannsnám.

Í fyrstu verður aðeins verkleg kennsla í boði en stefnt er að bóklegu námskeiði síðar í vetur. Friðrik Ómarsson annast kennsluna en hann mun einnig starfa sem aðstoðarflugmaður í sjúkra- og áætlunarflugi á Vestfjörðum í vetur. Við kennsluna notar Friðrik 4ra sæta vél af gerðinni Piper Cherokee en.

Friðrik mun búa á Ísafirði en flugstjórnir Garðar Árnason og Stefán Bárðarson skiptast á að dvelja þar.

Olíudreifing ehf. á hrakhólum með olíutanka á Ísafirði

Leitað eftir framtíðar- stað fyrir bensínbirgðastöð

Lóðarleigusamningur fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Mjósundum á Ísafirði er útrunninn og leitar fyrirtækið nú fyrir sér eftir framtíðaraðstöðu fyrir bensín- og olíubirgðir. Á annarri leigulöð við Suðurgötu rétt þar hjá rekur fyrirtækið ásamt Skeljungu hf. aðra birgðastöð en 47 ár eru eftir af þeim lóðarleigusamningi. Í bréfi til bæjaryfirvalda segir að Olíudreifing hafi fyrir sitt leyti hug á að vera með

starfsemi sína þar til framtíðar en stöðin uppfylli ekki í dag þær kröfur sem gerðar eru vegna mengunarvarna. Hins vegar sé í gildi frestur til 2005 til að bæta þar úr og möguleiki sé á að í slíkar framkvæmdir verði farið fyrir þann tíma.

„Þar sem bensínbirgðir Olíudreifingar eru nú í stöðinni við Mjósund þarf félagið að finna bensínbirgðastöð sinni á norðanverðum Vestfjörðum nýjan stað til fram-

tíðar litið“, segir í bréfi fyrirtækisins. Farið er fram á lóðarúthlutun á sama svæði við Suðurgötu, á stað þar sem áður var einnig bensínbirgðastöð. Hætt var að nota hana fyrir nokkrum árum en þar eru enn þá niðurgrafnir geymar.

„Rétt er að benda á að félaginu þykir ekki fýsilegur kostur að reisa bensínbirgðastöð á Suðurtanga vegna fyrirsjáanlegs mikils kostnaðar við uppbyggingu slíkrar stöð-

var, en uppbygging á þeim stað hefur verið í umræðunni um nokkurt skeið. Til vara sækir Olíudreifing ehf. um það til bæjarráðs Ísafjarðar að gerður verði lóðarleigusamningur til bráðabirgða til ársins 2005 um áframhaldandi veru bensínbirgðastöðvar félagsins við Mjósund en aðrir geymar og búnaður verði fjarlægð“, segir í bréfinu. Mál þetta er um þessar mundir í athugun hjá Ísafjarðarbæ.

Stuttar af bb.is

Áberandi ölv- unarakstur

Maður var tekinn á Ísafirði aðfaranótt laugardags grunaður um ölvun við akstur, en hann virðist ekki hafa gert tilraun til að fara leynt með akstur sinn. Vart varð við akstur mannsins þegar hann ók fruntalega út af bílastæði við Fjarðarstræti með tilheyrandi spóli svo að söng og hvein í öllu. Lögregla stöðvaði manninn sem reyndi að taka til fótanna en gafst ekki ráðrúm til.

Nýr Siggi Bjartar IS

Runólfur Pétursson í Bolungarvík, fyrrverandi skipstjóri á frystitogar-
anum Guðbjörgu ÍS, og faðir hans Pétur Runólfsson, hafa fengið nýjan 12,3 tonna bát af gerðinni Cleopatra 33 frá Trefjum hf. Báturinn hefur hlotið nafnið Siggi Bjartar ÍS og verður gerður út frá Bolungarvík. Hann er útbúinn til línuveiða og í lest er rúm fyrir 17 fiskikör (380 lítra).

Prófkjör ákveðið

Ákveðið var á kjördæmisþingi Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, sem haldið var í Ólafsvík um helgina, að efna til prófkjörs 9. nóvember vegna Alþingiskosninganna í vor. Kosningarétt í prófkjöri munu þeir eiga, sem eru flokksbundnir í Sjálfstæðisflokknum eða undirrita yfirlýsingu um stuðning við flokkinn.

Kláraður inn- an fárra ára

Vonir standa til að gler verði komið í turnglugga Ísafjarðarkirkju innan tveggja eða þriggja ára að sögn sr. Magnúsar Erlingssonar, sóknarprests á Ísafirði. „Frá því að kirkjan var vígð árið 1995 höfum við verið að fikra okkur smátt og smátt áfram. Í upphafi var einungis kirkjuskipið sjálft í notkun, en síðan hefur þetta komið hægt og rólega eftir því hversu mikið fjármagn er til á hverjum tíma. Á síðasta ári var vígður safnaðarsalur og ég vona að gengið verði frá turninum innan skamms, en hann er algerlega hrár að innan“, segir séra Magnús. Ætlunin mun vera að koma fyrir ljósi í turni kirkjunnar.

3X-Stál styður verkmenntanemendur

Fengu vinnusam- festinga að gjöf

3X-Stál ehf. á Ísafirði afhenti á föstudag nemendum í málmiðnum og vélstjórn við Menntaskólann á Ísafirði (MÍ) vinnusamfestinga, merka fyrirtækinu og með einkennisstöfum skólans.

Forráðamenn 3X-Stáls buðust til að gefa skólanum samfestingana til að minnka námskostnað þessara verkmenntanema og laða fleiri nema í iðnnám, enda er mikilvægt fyrir fyrirtækið að skólinn skili lærdum málmsmið-

um út á vinnumarkaðinn á svæðinu.

„Oft tala yfirvöld menntamála um lélega aðsókn ungs fólks í verknám. Á sama tíma eru nemendur verknáms skattlagðir sérstaklega í formi efnisgjalds. Ekki eru ákveðnir efnisreikningar að baki gjaldinu og þá er þetta skattur sem leggst sérstaklega á verknámsnemendur“, segir Guðmundur Einarsson, iðngreina-kennari við MÍ.



Verknámsnema og kennararnir Tryggvi Sigtryggsson og Guðmundur Einarsson (lengst til hægri) hestánægðir með samfestingana.

KAPPLEIKUR ÁRSINS!!!

Bikarleikur HSÍ SS-bikarinn

Hörður tekur á móti stórliði
Stjörnunnar frá Garðabæ í
kvöld, 2. október.

Nú er að mæta og hvetja okkar
menn áfram.

Hörður



Valdís María Einarasdóttir með heiðursviðurkenningarnar sínar á uppskeruhátíð Boltafélags Ísafjarðar um fyrri helgi.

Knattspyrnulandslið kvenna 17 ára og yngri

Valdís María val- in á úrtökumót

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur valið Valdís Maríu Einarasdóttur, sóknarleikmann hjá Boltafélagi Ísafjarðar, til að spila á úrtökumótum fyrir landslið Íslands 17 ára og yngri. Fyrsta æfingamótið var haldið í Reykjavík

um helgina.

Eins og fram hefur komið fram var Valdís María, sem er 16 ára gömul, útnefnd Knattspyrnukona ársins 2002 hjá Boltafélagi Ísafjarðar á uppskeruhátíð félagsins um fyrri helgi.



„Ég fór í þessa keppni til að vinna!“

– segir Harpa Jónsdóttir, kennari á Ísafirði, sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2002

„Ég skrifaði fyrstu gerðina af þessari bók fyrir rúmlega þremur árum“, segir Harpa Jónsdóttir, kennari við Grunnskóla Ísafjarðar, sem í síðustu viku hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2002 fyrir fyrstu bók sína. „Ferðin til Samiraka er dularfull og grípandi saga sem heldur lesanda spennnum frá upphafi til enda. Höfundur tekst á skemmtilegan hátt að flétta saman íslenskum veruleika og framandi heimi þar sem baráttunni milli góðs og illis er lýst á áhrifamikinn hátt“, segir m.a. í umsögn dómnefndar.

Var hafnað hjá nokkrum forlögum

Eins og algengt er með fyrstu bók höfundar reyndist ekki auðvelt að fá útgefanda. Þekkt eru fjölmörg dæmi þess að hvert forlagið á fætur öðru hafi hafnað verkum sem síðan eru margverðlaunuð og halda nöfnum höfunda sinna á lofti. „Já, áður en ég sendi söguna í þessa keppni var ég búin að senda hana í nokkur forlög og fá höfnun“, segir Harpa.

– Hafðirðu trú á því strax í upphafi að þetta yrði að bók sem fengist gefin út og fengi svona viðtökur?

„Kannski ekki svona viðtökur en ég hafði alltaf trú á því að hún yrði gefin út enda stefndi ég að því.“

– Hvaða aðferð notaðirðu við að skrifa söguna? Varstu með efnið mótað í huganum áður en þú byrjaðir?

„Nei, alls ekki. Ég spann þetta bara áfram. Punktaði ekkert niður áður.“

Fáir vissu um ritstörfin

Eiginmaður Hörpu er Kristinn J. Níelsson tónlistarkennari, sem er Ísafirðingur að uppruna og kominn aftur á heimaslóðir fyrir allöngu. Sjálf er Harpa uppalin í Kópavoginum og átti þar heima þangað til hún hafði lokið menntaskóla en ættuð úr Húnavatnsýslu og Skagafirði. Fyrst eftir komuna vestur fyrir sjö árum kenndi hún á Flateyri, þar sem Kristinn var einnig skólustjóri Tónlistarskólans, en undanfarin ár hefur hún kennt á Ísafirði. Nú er hún bekkjarkennari

3-H sem hún hefur haft undir sínum verndarvæng frá því í fyrsta bekk. Auk þess hefur hún kennt svolítið í eldri bekkjum „sitt á hvað“, eins og hún segir. „Svo kenndi ég líka smávegis úti í Danmörku fyrir mjög mörgum árum.“

– Vissu krakkarnir í skólanum að þú varst að skrifa bók? Vissi það kannski enginn?

„Nei, krakkarnir vissu það ekki. Einhverjir vissu það samt. Ég var búin að vita það dálítinn tíma að ég myndi fá þessi verðlaun en ég mátti auðvitað ekki segja frá því. Bara Kristinn og foreldrar mínir vissu það.“

Glöð – en ekki mjög hissa!

En hvað skyldi hafa valdið því að Harpa gerðist rithöfundur? Ætli það hafi verið að brjótast í henni alla tíð?

„Ég eiginlega veit það ekki. Mig langaði einfaldlega að skrifa bók og þess vegna byrjaði ég á því. Nei, kannski ekki alla tíð. Ég var í fjarnámi í Kennaraháskólanum [Harpa lauk kennaraprófi fyrir tveim-

ur árum] og þurfti að skrifa mikið af ritgerðum. Mér fannst það gaman og ákvað bara að prófa að skrifa bók.“

– Hvernig varð þér við þegar þú fréttir að þú fengir þessi verðlaun?

„Ég varð óskaplega glöð.“

– Ekki hissa?

„Eiginlega ekki. Ég fór í þessa keppni til að vinna!“

– Þú virðist ekki haldin neinni minnimáttarkennd ...

„Nei, ég er komin yfir það. Ætli ég hafi ekki klárað það á unglingsárum að mestu leyti.“

– Ertu með fleiri bækur á prjónunum?

„Já“, segir Harpa og dregur seiminn eins og hún vilji eiginlega ekki segja frá því. „Ég er aðeins byrjuð að vinna að annarri bók. Ég ætla að halda áfram.“

– Hvernig bók verður það? Barnabók líka? Eða er það leyndarmál?

„Hún er framhald af þessari.“

– Hvað tók vinnan við Ferðina til Samiraka langan tíma?

„Ég veit það ekki. Fyrst vann ég við hana í nokkra mánuði, svo lá hún mjög lengi og síðan tók ég aftur upp þráð-

inn. Ég veit ekki hvað ég var lengi í allt. Ég vann þetta í skorpum.“

„Ég syng svolítið“

Harpa kveðst eiginlega ekki hafa skrifað neitt áður. Og þó. Þegar hún er spurð hvort sú hugmynd hafi komið upp að þau Kristinn vinni saman eitt-hvert verk í tali og tónum, texti frá henni og tónlist frá honum, þá segir hún:

„Við höfum nú einu sinni borið það við. Þegar Litli leikklúbburinn á Ísafirði færði upp leikritið Fuglinn í fjörunni fyrir fáum árum, þá samdi ég söngtextana en hann sá um tónlistina. Það gekk mjög vel. Við eigum örugglega eftir að vinna meira saman. Reyndar er Kristinn líka mjög lipur penni sjálfur.“

Þegar Harpa er spurð hvort hún sé þá kannski sjálf í músikinni líka, segir hún hæversklega: „Ég syng svolítið.“

Harpa kann mjög vel við sig hér fyrir vestan. „Annars væri ég ekki búin að kaupa mér hús hérna!“ segir hún, en þar er um að ræða húsið að Hrannargötu 1 á Ísafirði sem

þau Kristinn keyptu nýlega. „Við ætlum aldrei að flytja þaðan – eða það segi ég að minnsta kosti“, segir Harpa og hlær.

Sigrún er nýflutt til Ísafjarðar ...

Ferðin til Samiraka kom út hjá Vöku-Helgafelli daginn þegar Harpa tók við verðlaununum sínum við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík í síðustu viku. Verðlaunaþjóður Íslenskra barnabókaverðlaunin en Ferðin til Samiraka er átjándi bókin sem fellur þessi heiður í skaut. Að þessu sinni bærust um tuttugu handrit í samkeppnina.

Í Ferðinni til Samiraka segir frá Sigrúnu sem er nýflutt til Ísafjarðar. Dag einn verður hún fyrir undarlegri upplifun og dregst inn í veröld sem er gjörólík þeirri sem hún þekkir. Hún tekur þátt í að aðstoða fólk sem berst fyrir frelsi sínu en óvinurinn virðist vera að fara með sigur af hólmi.



Gestabakari í Gamla bakaríinu

Bakameistarinn Gunnar Örn Gunnarsson var dag einn í síðustu viku að kenna starfsmönnum Gamla bakarísins á Ísafirði að búa til ís. Daginn áður bakaði hann súkkulaðitertur og eplakökur. Gunnar hefur komið

nokkrum sinnum áður til Ísafjarðar og kynnt ýmsar nýjungar í Gamla bakaríinu. „Við höfum fengið hann einu sinni á ári. Þetta er einn af þessum strákum sem hafa verið að taka þátt á Íslandsmeistarátótum. Hann er búinn að

læra eiginlega alls staðar og það er gaman að fylgjast með honum“, sagði Árni Aðalbjarnarson, bakameistari í Gamla bakaríinu. Á myndinni er Gunnar Örn við eina hrærivélina í „Gamla“.

Fundur annað kvöld hjá Krabbameinsfélaginu Sigurvon

Þjónustumiðstöð opnuð á næstu dögum

Sameiginlegur fundur fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra sem greinst hafa með krabbamein verður kl. 20 annað kvöld, fimmtudagskvöld, í húsnæði Krabbameinsfélagsins Sigurvonar að Sindragötu 11 á Ísafirði. Ekki er endanlega búið að ákveða fasta fundartíma í vetur en það mun verða gert

á fundinum og verður þá einnig gengið frá skipulagningu starfsins. Formaður Sigurvonar er Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur og hvetur hún alla sem tilheyra framangreindum hópum að koma og spjalla.

Krabbameinsfélagið Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum var stofnað fyrir tæpu ári. Félagið opnar nú í byrjun október þjónustumiðstöð sem

starfa mun með sama hætti og aðrar sem Krabbameinsfélag Íslands hefur aðstoðað við að opna víða um landið á liðnu ári. Starfsmaður skrifstofunnar verður Gylfi Þór Gíslason, lögreglumaður á Ísafirði. Stefnt er að því að hafa opið tvisvar í viku, um 2 klukkustundir í senn, og getur fólk leitað þar margvíslegra upplýsinga.



Halfdán Ingólfsson og Torfi Sigurjónsson við heimasmiðuðu Avid Flyer vélina.

Flugmálastjórn með hæfnispróf fyrir flugmenn

Óvenjulegt að senda prófdómara út á land

Torfi Sigurjónsson, flugmaður hjá Flugleiðum og prófdómari í hjáverkum, kom til Ísafjarðar í síðustu viku til að taka tvo ísfrska flugmenn í hæfnisskoðunarpróf (Proficiency Flight Test). Torfi kom vestur á C-152 flugvél Jóns Björns-

sonar, forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði, sem staðsett var í Reykjavík. Fyrri prófið sem Torfi dæmdi var þreytt á lítilli kennslflugvél en það síðara á enn minni Avid Flyer, heimasmiðaðri vél í eigu Halfdáns Ingólfssonar og fleiri.

„Það var rosalega gaman að fá að fljúga á henni, það

fullkomnaði daginn“, sagði Torfi. Það mun vera mjög óvenjulegt að prófdómara fari með þjónustu sína út á land. Alla jafna þurfa flugmenn búsettir utan höfuðborgarsvæðisins að fara til Reykjavíkur til að þreyta próf.

Skipulagsbreytingar vegna útpenslu hjá Póls hf.

Nýr fjármálastjóri ráðinn

Gengið hefur verið frá ráðningu Halldórs Halldórssonar viðskiptafræðings í stöðu fjármálastjóra hjá Póls hf. á Ísafirði. Halldór er tæplega fertugur að aldri og hefur verið framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar á Reykholum undanfarin ár. Þegar fyrrverandi fjármálastjóri Póls lét af starfi og fluttist brott á síðasta vori tók Hörður Ing-

ólfsson stjórnarformaður Póls hf. að sér verkefni hans til bráðabirgða og hefur haft þau á sinni könnu síðan. Halldór Halldórsson mun taka við starfinu 1. nóvember.

Að undanfögnu hafa staðið yfir skipulagsbreytingar hjá Póls hf. vegna hins öra vaxtar fyrirtækisins, að sögn Ellerts Berg Guðjónssonar, sem tók við starfi framkvæmdastjóra

hjá Póls 1. september en gegndi áður starfi markaðsstjóra. „Veltuaukningin hjá okkur hefur verið um 45% á ári síðustu árin. Við erum með mikið af nýjum búnaði í þróun og ætlunin með skipulagsbreytingunum er að auka afl fyrirtækisins í nýsköpun og tækninýjungum og nýta sem best þau tækifæri sem fyrirtækið hefur“, sagði Ellert.

Stefnumótun í vegamálum er skýr

Vígsla Kleifaheiðarinnar á milli Patreksfjarðar og Barðastrandar sl. föstudag var ánægjulegur atburður. Einnig var hann táknrænn vitnisburður um þá stefnumörkun sem við höfum fylgt í vegamálum Vestfjarða. Þessi stefnumörkun hefur farið fram á vettvangi sveitarstjórna og meðal annars birst í samþykktum Fjórðungssþings Vestfirðinga. Og hjá okkur þingmönnum hefur hún birst með skýrum hætti í þeim áherslum sem við höfum allir sameiginlega lagt um uppbyggingu vegamála á Vestfjörðum í samræmi við langtímaáætlun í vegamálum sem hefur gilt í meginatriðum frá árinu 1998

Með samþykkt nefndrar langtímaáætlunar í vegamálum var brotið í blað. Þá

var í fyrsta sinn gengið út frá því að vegir frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum að aðalþjóðvegakerfinu yrðu jafn settir og hinn svo nefndi hringvegur. Þetta var gríðarlega þýðingarmikið fyrir okkur. Á þessum tíma var undirritaður formaður Samgöngunefndar Alþingis og kom því að þessari stefnumótun

Megináherslurnar í vegmálunum

Á grundvelli þessara meginlína höfum við þingmenn Vestfirðinga unnið. Þannig hafa megináherslurnar í reynd orðið tvær.

Annars vegar er það uppbygging Djúpvegarins og tenging norðursvæðis Vestfjarða við aðalþjóðvegakerfi landsins. Hins vegar tenging þéttbýlisstaðanna í Vestur

Barðastrandarsýslu við þjóðveg númer 1.

Ráðist gegn helstu farartálmunum

Með sérstöku fjármagni sem ákveðið var til nokkurra ára á árinu 1999 var hægt að hleypa stórukræmum krafti í uppbyggingu vega hér á Vestfjörðum. Einkum skilaði þetta sér í vegagerðina um Kleifaheiði sem nú er sem sé lokið og gaf okkur síðan langþráð færi á að hefjast handa við stórvirkið vegagerð um Klettsháls; mesta farartálmann á leið manna til og frá Vestur Barðastrandarsýslu.

Við höfum fylgt skýrri stefnumörkun

Af þessu má ráða að stefnumörkun í uppbyggingu vega-

mála á Vestfjörðum hefur legið fyrir lengi og skýrt afmörkuð. Að því verki hafa komið sveitarstjórnarmenn sem og þingmenn og er innsiglið í langtímaáætlun í vegagerð allt frá árinu 1998. Það er þýðingarmikið að menn hafi þetta í huga þegar rætt er um vegamál almennt. Við höfum þannig í reynd fylgt alveg klárri stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki

Við þurfum aukið fjármagn

Í mínum huga er enginn efi, að við eigum að vinna áfram í þessum anda. Þannig náum við lengst í því nauðsynlega markmiði sem við urðum sammála um, að tengja þéttbýlisstaðina við aðalþjóðvegakerfið. Jafnframt er líklegast að sátt myndist manna í millum á Vestfjörðum.

„Við eigum að vinna áfram í þessum anda“



Einar Kristinn Guðfinnsson, fyrsti þingmaður Vestfjarða skrifar

Fjórðungssambandið lagði það til, eftirtalsverðar umræður meðal annars á sérstöku vegamálaþingi sínu, að leitast yrði við að fá það fjármagn sem sparaðist þegar flóabátsins Baldurs yrði ekki þörf, til þess að stórefla vegagerð á Vestfjörðum. Sá sem hér ritar og ýmsir aðrir höfðu þá þegar talað fyrir slíku. Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum höfðu þannig ályktað um málið. Nú er málið enn til

umræðu og verðum við að vænta þess að við fáum fylgi við slíka hugmynd.

Nýir áfangar í vegamálum, svo sem eins og tenging Kleifaheiðarinnar sýnir okkur vel og vendilega hversu nauðsynlegt slíkt er og hvaða möguleika það skapar byggðunum okkar. Það eflir okkur til frekari átaka.

Einar K. Guðfinnsson, 1. þingmaður Vestfjarða.

Bundið slitlag komið milli Vatnsfjarðar og Bíldudals

Með lagningu nýs vegarkafila um Kleifabeiði, sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígði sl. föstudag, hefur náðst sá áfangi að komið er samfellt bundið slitlag á aðalveginn um byggðina í Vestur-Barðastrandarsýslu frá Vatnsfirði til Bíldudals, samtals um 100 km. Fyrsti kafli var lagður 1983 og hefur síðan verið unnið að verkefni á hverju ári.

Þó að þessum áfanga sé náð

er ýmislegt sem þarf að bæta, m.a. breikka einbreitt slitlag á nokkrum kafla og endurbyggja gamlar brýr. Fyrstu slitlagskaflarnir voru lagðir á gamla veginn lítt breyttan og verður þörf á að endurbyggja suma þeirra síðar, þar sem þeir fullnægja ekki þeim kröfum sem nú eru gerðar, eftir því sem fram kemur í greinargerð Gísla Eiríkssonar, umdæmisverkræðings Vegagerðarinnar á Vestfjörðum.

Starfsmenn umdæmisskrifstofu Vegagerðarinnar á Ísafirði hönnuðu veginn og sáu um eftirlit. Vegarkafliinn var

boðinn út í tvennu lagi, fyrst 5 km í apríl 2000 og síðan 7 km í mars 2001.

Breiðbandsvæðingin aðeins í Reykjavík

Ekki út á land á næstu misserum

Engar áætlanir eru uppi um breiðbandstengingar vestur á fjörðum, né heldur á öðrum stöðum utan Reykjavíkur. Landssími Íslands hefur að undanförnu unnið að uppbyggingu breiðbandskerfisins í nokkrum nýjum hverfum í Reykjavík sem eiga það sameiginlegt að þar er unnið að annarri lagnavinnu sem gerir tengingar breiðbandsins auðveldari. Eldri hverfi borgarinnar, sem og önnur svæði á landinu, eru ekki á dagskrá hvað þetta snertir enn sem komið er. Uppbygging kerfisins mun vera kostnaðarsöm og flókin.

Á breiðbandinu má finna 28 erlendar sjónvarpsstöðvar, sem hægt er að fá aðgang að í

áskrift, auk 6 innlendra stöðva í opinni dagskrá. Að auki sendir breiðbandið út flestar íslensku útvarpsrásirnar ásamt 10 erlendum tónlistarásam. Háhraða gagnaflytningaþjónusta sem er tengd breiðbandskerfi Símans gefur kost á sítingdri nettengingu og geta nú um 15.000 heimili nýtt sér internettengingu um breiðband.

Á þeim svörum sem fengust hjá Landssímanum var að skilja, að ekki væri tæknilega flóknara að byggja upp kerfið á Vestfjörðum en á öðrum stöðum á landinu. Vestfirðingar og aðrir íbúar landsins utan Reykjavíkur geta þrátt fyrir það ekki reiknað með tengingu á næstu misserum.

Tólf ára ísfrisk stúlka

Vann fyrsta vinning

Ólafía Kristjánsdóttir, 12 ára ísfrisk stúlka, vann fyrsta vinning í sumarleik Kodak og fékk í dag afhentan ferðavinning að verðmæti kr. 100.000 frá Úrval-Útsýn.

Leikurinn fór þannig fram

að viðskiptavinir verslana um allt land sem selja Kodak-vörur, svöruðu lauflettum spurningum um Kodak filmur. Dregið var úr réttum svörum og má segja að Ólafía hafi dottið í lukkupottinn.



Aðalfundur

Aðalfundur Litla leikklúbbsins verður haldinn miðvikudaginn 9. október kl. 20:30 í Edinborgarhúsinu.

Dagskrá:

Venjulega aðalfundarstörf.

Önnur mál.

Nýir félagar velkomnir. Léttar veitingar. Stjórnin.

Blaðamaður

Bæjarins besta óskar að ráða blaðamann nú þegar. Umsækjendur þurfa að vera áhugasamir og duglegir og hafa góða almenna þekkingu, einkum á málefnum og staðhátum á Vestfjörðum, hafa gott vald á íslensku máli og geta unnið hratt, jafnframt því sem nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón J. Sigurðsson, ritstjóri í síma 456 4560.

Blaðamaður



Nú er rétti tíminn til að ná af sér nokkrum aukakílóum fyrir jólin.

Hafið samband og fáid að bragða á þessari frábæru næringarvöru.

Betri heilsa – Betra útlit – Betra líf

Sími 863 1614



Spennandi tækifæri

Til sölu er blómaverslunin Blómaturinn á Ísafirði. Um er að ræða fyrirtæki í fullum rekstri. Tilvalið tækifæri fyrir dugmikið og drífandi fólk sem hefur áhuga á sjálfstæðum atvinnurekstri.

Allar nánari upplýsingar um eigna gefur Björn Jóhannesson hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4577.



LÖGSÝN EHF
Lögfræðisþjónusta

Norðvesturkjördæmi

Sjálfstæðisflokkurinn í Norðvesturkjördæmi hefur ákveðið að efna til prófkjörs fyrir uppstillingu framboðslista í kosningum að vori. Meirihluti þingmanna á kjördæmisþingi tóku þennan kost, eða fjórir af hverjum fimm. Um leið liggur ljóst fyrir að fimm af núverandi sex þingmönnum flokksins, sem kjörnir voru fyrir rúmum þremur árum, sækjast eftir endurkjöri. Einn þeirra Sigurður Ingvarsdóttir frá Siglufirði, leitar væntanlega eftir kjöri í Norðausturkjördæmi, en þangað flyst Siglufjörður við kjördæmabreytinguna.

Auðvitað má deila um aðferð við uppstillingu á lista. Prófkjör er ein leið og hefur oft verið notuð, stundum með góðum árangri, oftast með ágætlega viðunandi árangri, en stundum með alvarlegum afleiðingum og leiðindum. Reyndar er það lang sjaldnast. Hinu má þó velja fyrir sér hvort ekki hefði verið fýsilegt í stöðunni nú að stilla upp meðan landslag í nýju margfalt stærra kjördæmi er skoðað og metið.

Á það ber þó að líta að þessi ákvörðun er djarfmannleg og sýnir að sjálfstæðismenn í Norðvesturkjördæmi ætla sér að vinna í sem ein heild í nýju kjördæmi og væntanlega standa með þeim hætti vörð um hagsmuni kjósenda sinna og kjördæmisins alls. Ekki mun okkur af veita þegar allt stefnir í samdrátt áhrifa og valda á suðvesturhorninu.

Nú mun hefjast hörð barátta. Í stað þriggja flokkslistaoddvita verður aðeins einn. Sturla Böðvarsson á Vesturlandi mun væntanlega ekki vilja gefa eftir sinn sess, enda er hann ráðherra og líklegt, reyndar nánast víst að verði Sjálfstæðisflokk-

ur í ríkisstjórn, þá verða flestir oddvitar í kjördæmunum sex örugglega ráðherrar. Vestfirðingar ætla sér vísast að halda sínum hlut. Einar Kristinn Guðfinnsson hefur leitt listann á Vestfjörðum og Vilhjálmur Egilsson á Norðurlandi Vestra. Nokkuð öruggt má telja að fjórir þingmenn nái kjöri af lista Sjálfstæðisflokks í Norðvesturkjördæmi. Þá eru þeir Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson ákveðnir í því að halda sínum sætum á Alþingi. Hugsanlega verður aðeins pláss fyrir fjóra en ekki þessa fimm. Og þá spyr kjósendinn: „En hvað með konurnar?“ Hin brennandi spurning í hugum kjósenda Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum hlýtur að vera: „En hvað með Vestfirðinga?“ Það er hin áleitna spurning kjósenda allra flokka. Því hefur oft verið velt upp áður hver verði staða Vestfirðinga og byggðar á Vestfjörðum að loknum fyrstu kosningum í nýju kjördæmi.

Eitt mun vera ljóst. Úrslit prófkjörs eru engan veginn fyrirséð. Kjósendur hinna kjördæmanna, Vesturlands og Norðurlands Vestra kunna að ráða úrslitum um það hverjir Vestfirðinga ná kjöri á hið háa Alþingi. Nú kann að vera að hefjist mikill pólitískur hráskinnaleikur baksviðs um allt hið nýja kjördæmi. Hvað segja Skagfirðingar um Ragnheiði Hákonardóttur, Einar Kristinn eða Einar Odd þegar þeir greiða atkvæði, nú eða Akurnesingar? Hver sem niðurstaðan verður, þá verður spennandi að fylgjast með því sem gerist á næstu vikum og enn eiga hinir flokkarnir eftir að ákveða aðferð við sín framboð. Spennandi tímar fara í hönd, en hvað með framtíð Vestfjarða?

Stakkur skrifar

Netspurningin

Spurt var:

Finnur þú fyrir jákvæðum áhrifum Byggðastofnunar á vestfirskar byggðir?

Alls svöruðu 461.
Já sögðu 75 eða 16,27%
Nei sögðu 362 eða 78,52%
Veit ekki sögðu 24 eða 5,21%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

GÓÐIR VIÐSKIPTAVINIR



Höfum selt fólksbíladekkjaþjónustu okkar til FMG-Bifreiðaþjónustunnar.

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar viðskiptin á liðnum árum, bendum við þeim á að sækja dekk sem þeir kunna að eiga í geymslu hjá okkur.

FMG-Bifreiðaþjónustunni óskum við velfarnaðar og góðs gengis.

KUBBUR EHF

Grænagarði • 400 Ísafirði • Sími 456 3751 og 456 3095 • Fax 456 3119

Stuðningsmannakort Góðir Vestfirðingar

World
for 2



Nú fer senn að hefjast körfuboltaveturinn '02 - '03 og við hjá KFÍ ætlum okkur stóra hluti. Stefnan verður sett á úrvalsdeildina og til þess að það markmið náist, þá þurfum við ykkar stuðning.

Stuðningsmannafélag KFÍ?

Eins og flest ykkar vita þá eigum við einn besta heimavöll á landinu og öllum hreðast það að koma vestur að keppa. Þessi heimavöllur væri ekki svona sterkur nema vegna þess að þið góðu Vestfirðingar mætið og styðjið við bakið á okkur. Til þess að stuka hag stuðningsmanna okkar þá höfum við gert góða samninga við tvö afsláttarfirmatæki. Mun Hotel Express-kortið verið okkar stuðningsmannakort þar sem skýrt kemur fram að viðkomandi handhafi sé stuðningsmaður KFÍ og World for 2-kortið mun fylgja með.

HOTEL EXPRESS
INTERNATIONAL



veitir eftirfarandi aðgang:

1. 50% afslátt á hótélum um víða veröld.
2. 50% afslátt á hótélum á Íslandi
3. 50% afslátt á flugi með Flugfélagi Íslands
4. 50% afslátt á bílaleigubílum hjá Hertz Íslandi

Litið reikningdæmi (tveir saman)

Flug fyrir 2	= 39.100 kr
Bílaleigubíll	= 11.500 kr
Gisting Hótel Ísland	= 14.800 kr
Samtals	= 65.400 kr
Samtal fyrir stuðningsmenn	= 32.700 kr
Mismunur	= 32.700 kr

*Inklud. við borgargjafi.

Stuðningsmannaklúbbur KFÍ 2500 kr. á mánuði
Félagi í KFÍ
Félagi í Ísþókinu
Fritt á alla leiki meistaraflökks KFÍ líka fyrir maka og börn yngri en 16.
Happdrætti KFÍ
Förgang á 2 stúkum
Frier kaffiveitingar í hálfleik
Afslátt á ætlingagjöld yngri flokka 10%
Afslátt á námskeiðum KFÍ 10%
Afslátt á skemmtunum á vegum KFÍ 15%
Afslátt í völdum verslunum á svæðinu
Hotel Express kort
World for 2 kort

World
for 2

World for 2-kortið er afsláttarkort sem er þannig að þú greiðir fyrir einn en færð vörur eða þjónustu fyrir tvo. S.s. þú og maka þinn eða félagi þitt. Þú þarft að borga heimingina af því sem þú borðað.

B klúbbur 1000 kr. á mánuði
Félagi í KFÍ
Félagi í Ísþókinu
Fritt á alla leiki meistaraflökks KFÍ korta



Til þess að gerast stuðningsmaður KFÍ þá er hægt að hafa samband við einhvern af undirrituðum.


Með körfuboltakveðju

Eygló Jónsdóttir
Sími: 895-7170
Ísþókinu

Guðjón Þorsteinsson
Sími: 896-5828
Framkvæmdastjóri

Þorsteinn Þráirsson
Sími: 897-4573
Unglingaráð

E. Ellifeyrisþegar 1500 kr. á mánuði
Inniheldur sama og stuðningsmannaklúbbur KFÍ



Karfan

KFÍ hafnaði sæti í úrvalsdeildinni

Stjórn KFÍ hefur ákveðið að taka ekki sæti í úrvalsdeildinni í körfuknattleik, sem losnaði í kjölfar þess að Þór á Akureyri ákvað að leika ekki í deildinni í vetur. Forráðamenn Skallagríms úr Borgarnesi ákváðu hins vegar að gefa kost á sér í úrvalsdeildina. KKÍ hafði samband við KFÍ og Skallagrím í Borgarnesi og bað þau að taka afstöðu til þess hvort þau myndu þiggja sæti í úrvalsdeildinni.

„Eftir að hafa fundað með stjórn og leikmönnum varð niðurstaðan sú, að KFÍ ætlar sér að standa við þá langtímaáætlun sem félagið setti á sínum tíma og halda sæti okkar í 1. deild í vetur“, segir í tilkynningu frá félaginu. „Unglingastarfið er að skila sér og áhuginn er mjög mikill hér á Vestfjörðum. Það er ætlun okkar að halda þessari útbreiðslu- og uppbyggingarstarfsemi áfram, og koma góðum tókum á fjármálin í leiðinni. KFÍ hefur verið í aðhaldsaðgerðum og tekist að ná niður skuldum félagsins eftir ýmsar erfiðar raunir í gegnum árin. Við teljum það heillavænlegt fyrir félagið.“

Súðavík

Eingöngu kortasjálfsali fyrir bensín

Nú geta Súðvíkingar og þeir sem leið eiga um bæinn eingöngu keypt eldsneyti á bíla sína í sjálfsala. Þessi breyting var gerð fyrir síðustu helgi. Að sögn Óskars Elfássonar, verslunarstjóra Víkurbúðarinnar sem nú annast bensínsölu fyrir Skeljung, tekur sjálfsalinn eingöngu við greiðslukortum og viðskiptakortum Skeljungs.

„Það er ekki búið að ganga frá því hver mun sjá um sjálfsölu til frambúðar en ég býst við því að við munum gera það“, segir Óskar. „Það stendur til að hafa viðskiptakort í versluninni sem fólk getur fengið lánað, en það er ekki komið á hreint ennþá“, segir Óskar. Svipað fyrirkomulag er á bensínsölu á Suður-eyri.

Ísafjarðarbær kynntur sem funda- og ráðstefnubær

Fjármagn hefur fengist til kynningarstarfsins

Aðilar í ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ hittust á hádegisfundi í Faktorshúsinu í Hestakaupstað í síðustu viku og ræddu um samræmdar aðgerðir til að kynna sveitarfélagið sem funda- og ráðstefnubær. Á fundinum var m.a. rætt um leiðir til að lengja ferða-

mannatímabilið og fá fólk til bæjarins á jaðartímum, í maí og í september og október.

„Ein leiðin til þess er að kynna bæinn sem heppilegan stað fyrir ýmiskonar samkomur og mannámót, fundi og ráðstefnur“, segir Rúnar Óli, Karlsson, ferðamálafultrúi

Ísafjarðarbæjar.

„Ég heyrir að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja og félagsamtaka sem hingað hafa komið í þessum erindagjörðum eru mjög ánægðir. Við erum með ákveðnar hugmyndir um hvernig hægt er að kynna bæinn betur. Nú hefur fengist

fjármagn til þess konar kynningarstarfs, 200.000 krónur frá bæjarfélaginu og 500.000 krónur frá Ferðamálaráði. Sá styrkur er eyrnamerkur auglýsingum á jaðartímum ferðamannatímabilsins“, sagði Rúnar Óli Karlsson í samtali við blaðið.



BB flýgur víða

Bæjarins besta flýgur víða eins og kunnugt er. Á þessari mynd er Guðmundur Harðarson flugstjóri frá Ísafirði, sonur hins gamalkunna flugstjóra Harðar Guðmundssonar, með BB í höndum (blað sem kom út fjórum dögum fyrr) þar sem hann situr við stjórnvölinn í Júbópotu (747 400) í 36 þúsund feta hæð yfir Norðurljósum á leið frá Evrópu til Alaska.

Uppbygging íþróttamannvirkja á Torfnesi dýrari en talið var?

Heildarkostnaður gæti farið yfir 100 milljónir

Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja á Torfnesi, aðrar en gerð gervi-grasvallar, gætu orðið dýrari en áður var talið samkvæmt nýrri kostnaðaráætlun sem lögð var fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu

viku. Öruggar heimildir blaðsins herma að heildarkostnaður við uppbygginguna geti farið yfir 100 milljónir króna en áður var talið að kostnaður yrði tæpar 90 milljónir. Aðspurður sagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri að engin

ákvörðun hefði verið tekin um það við hvora kostnaðaráætlunina yrði notast ef til framkvæmda kæmi á annað borð.

„Það er ekki búið að ákveða neitt, ekki einu sinni hvort ráðist verður í þessa uppbyggingu. Málið er alls ekki komið

á neinn endapunkt“, sagði Halldór. „Við ætlum fljótlega að boða hlutaðeigandi aðila, Boltafélagsmenn og aðra, til fundar um málið. Menn eru náttúrulega að velja þessu fyrir sér og málið er á algjöru skoðunarstigi“, sagði Halldór.

Stuttar af bb.is

Oddur Árna fer á Selfoss

Oddur Árnason, aðalvarðstjóri lögreglunnar á Ísafirði, hefur verið skipaður aðstoðaryfirloðregluþjónn við embætti sýslumannsins á Selfossi. Aðspurður sagði Oddur það vissulega vera spennandi að takast á við ný verkefni. „Ég er úr Rangársýslu og er í rauninni að fara á mínar heimaslóðir, eða því sem næst. Ég kom til Ísafjarðar fyrir rúmu 21 ári og fór í menntaskóla, en hef starfað í lögreglunni í rúm 17 ár eða frá júní 1985“. Með þessu er ég að koma mér í dagvinnu og þarf ekki að vinna vaktir. Eða eins og konan mín segir, þá ætlum við að halda rauðu dagana á dagatalinu hátíðlega eins og venjulegt fólk“, sagði Oddur.

Torfnes ehf. kaupir togara

Útgerðarfélagið Torfnes ehf. á Ísafirði hefur keypt ísfisktogarann Skagfirðing SK og hefur hann nú fengið nafnið Haukur ÍS 847. Togarinn er á leið í slipp og síðan mun hann fara á rækjuveiðar í landhelginni, að sögn Eiríks Böðvarssonar útgerðarmanns. Skagfirðingur SK hefur legið bundinn við bryggju á Sauðárkróki sl. þrjú ár. Togarinn sem er 860 brúttórumlestir að stærð var smíðaður í Póllandi árið 1972. Torfnes ehf. gerir einnig út neta- og nóta-skiptið Stakkaneis ÍS 848 sem áður hét Gígja VE.

Ákærður fyrir misneytingu

Karlmaður um fertugt hefur verið ákærður í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir að hafa misnotað þroskahefta konu kynferðislega fyrr á þessu ári. Ákæran felur í sér að hann hafi notfært sér andlega annmarka konunnar til kynferðislegra athafna. Málið var tekið fyrir í síðustu viku en aðalmeðferð þess frestað til 1. nóvember vegna gagnaðöflunar.